



Haustfundur JGFÍ 9.12.2021

Yfirlitsáætlun jarðganga



Efnisyfirlit

1. Inngangur, framhald
2. Sögulegt yfirlit og fyrri jarðgangaáætlanir
3. Listi yfir verkefni til athugunar
4. Ný verkefni á lista
5. Listi yfir jarðgöng á landsbyggðinni til athugunar í landfræðilegri röð
6. Listi yfir göng á Höfuðborgarsvæði
7. Verkefni til nánari skoðunar
8. Lokaorð


Inngangur

„Í samgönguáætlun 2020 til 2034, sem samþykkt var á Alþingi 29. júní 2020, er fjallað stuttlega um jarðgangaáætlun. Þar kemur meðal annars fram að stefnt sé að því að unnin verði heildstæð greining á jarðgangakostum á Íslandi. Þar verði valkostir á einstaka leiðum metnir með tilliti til fýsileika, kostnaðar og félagshagfræðilegs ábata. Á grunni þeirrar greiningar verði svo hægt að forgangsraða jarðgangakostum til lengri tíma. Í yfirlitsáætluninni er tekið saman yfirlit um þá jarðgangakosti sem helst hafa verið til umræðu og skoðunar á undanförnum árum, sem segja má að sé grunnur að þessari greiningu.“

Tekið saman af Gísla Eiríkssyni, Hreini Haraldssyni og Frey Pálsson, fleiri komu að greinargerðinni.

Sögulegt yfirlit

- 1948 Arnardalshamar, 30 m. Víkkuð '95.
- 1967, Strákagöng, 800 m.
- 1977, Oddsskarð, 600 m.
- 1987 „Skýrsla nefndar um Jarðgangaáætlun“ Ólafsfjarðarmúli (1990), BB (1996), Fjarðarheiði og Oddsskarð (2017 Norðfjarðargöng). Hvalfjörður nefndur í viðauka.
- Áhersla lögð á að skoða hvaða fjallvegir stæðu í vegi fyrir því að þéttbýlisstaðir gætu tengst með fullnægjandi hætti nema með jarðgöngum




Sögulegt yfirlit frmh.

- 1999, Alþingi ákveður að láta vinna að nýrri langtímaáætlun um jarðgangagerð. Tvíþætt
 - Yfirlitsáætlun, verkefni sem höfðu verið til umræðu og skoðunar
 - Valin verkefni sem þóttu brýnust og þeim raðað í forgangsröð (<10-12 ma)
- 2000, Vegagerðinn gefur út skýrslu. Lagt til að jarðgöngum sem höfðu verið til skoðunar yrði skipt í tvo flokka: „**Fyrstu verkefni**“ og „**Verkefni til síðari skoðunar**“.
 - Veigamestu atriði: Stækkun og styrking byggðakjarna, stytting vegalengda
 - Tillögur um „Fyrstu verkefni“: Fáskrúðsfjarðargöng (2005), Héðinsfjarðargöng (2010), Dýrafjarðargöng (2020)
 - 21 verkefni í skýrslunni til síðari skoðunar.

Sögulegt yfirlit frmh.

- Jarðgangaáætlunum 1987 og 2000 verið fylgt síðustu 30 ár. + Almannaskarð (2005), Hvalfjarðargöng og Vaðlaheiðargöng. (Fjarðarheiðargöng næstu göng)
- Samtals 65,4 km veggöng.
- Frá 1990 til 2020 hafa verið grafnir ca. 2 km á ári að meðaltali.



Verkefni til athugunar

- Bæst hafa við 10 verkefni auk 5 verkefna á höfuðborgarsvæðinu sem ekki voru með í áætluninni 2000. Sjá töflu 1
- Göng í töflu 1 er flokkuð eftirfarandi.
 - Á: þau verkefni sem eru áfram á lista 8 stk.
 - L: Jarðgöng sem er lokið við sem eru 4 stk.
 - H: Verkefni þar sem hætt er að tala um göng, málið hefur verið leyst öðru vísi og eða göng ekki talin raunhæf nú, 9 stk.
 - N: Ný verkefni á listanum eru 10 auk 5 ganga á Höfuðborgarsvæðinu.
- 18 verkefni sem nú eru talin áhugaverð, auk 5 ganga/stokka á Höfuðborgarsvæðinu

Skýr	nr	Jarðgöng	Athugasemdir
Á	1	Reynisfjall	
N	2	Hvalfjörður tvöföldun	
H		Staðarsveit Kolgrafarfjörður	Vegur lagður um Vatnaleið
H		Brattabrekka	Samgöngur ganga vel
Á	3	Klettsháls	
N	4	Miklidalur	
N	5	Hálfdán	
Á	6	Dynjandisheiði	
N	7	Breiðadalsleggur breikkun	Ef umferð eykst mikið verða erfiðleikar
L		Óshlið	
Á	8	Ísafjörður Súðavík	
H		Eyrarfjall í Djúpi	Brú á Mjóafjörð leysti málið
H		Tröllatunguheiði	Komin nýr vegur
Á	9	Öxnadalsheiði	
N	10	Göng á Tröllaskaga	Er til umræðu
N	11	Siglufjarðarskarð	Alþingi hefur samþykkt forathugun
N	12	Ólafsfjarðarmúli breikkun	Mikil aukning umf. mun valda erfiðl.
L		Vaðlaheiði	
Á	13	Vopnafjörður – Hérað	
Á	14	Fjarðarheiði	
N	15	Seyðisfjarðargöng	Áður nefnt sem hluti af stærra verkefni
N	16	Mjóafjarðargöng	Áður nefnt sem hluti af stærra verkefni
L		Norðfjarðargöng	
H		Fáskrúðsfjörður-Stöðvarfjörður	Samgöngur góðar
H		Stöðvarfjörður – Breiðdalur	Samgöngur góðar
Á	17	Berufjarðarskarð/ Breiðdalsheiði	
H		Undir Berufjörð	Næsti kostur á undan mun fýsilegri
N	18	Lónsheiði / Hvalnesskriður	
L		Almannaskarð	
H		Vestmannaeyjar	Landeyjahöfn, gangagerð afar erfið
H		Hellisheiði	Ekki fýsilegt, m.a. vegna jarðhita, vegur hefur verið endurbættur
N	19	Reykjanesbraut: Holtavegur-Stekkiabakki, stökkur	
N	20	Miklabraut stökkur	
N	21	Stökkur í Garðabæ	
N	22	Reykjanesbr. Álftanesvegur-Lækjargata, undir Setbergshamar	
N	23	Sundagöng	

Ný verkefni á lista


- **Hvalfjarðargöng tvöföldun**, umferð aukist mikið undanfarin ár
- **Miklidalur og Hálfván**, fjallvegir milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals sem hindrar greiða umferð innan þjónustusvæðis.
- **Breiðdalsleggur breikkun**, einbreið göng, erfiðleikar ef umferð eykst mikið.
- **Göng á Tröllaskaga**, Sveitarfélög á Mið-Norðurlandi hafa óskað eftir athugun á göngum á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Á milli Hjaltadals í Skagafirði og Möðrudals í Eyjafirði eða frá Kolbeinsdal í Skagafirði til Skíðadals og áfram til Hörgárdals. Þetta yrðu mjög löng göng.
- **Siglufjarðarskarð**: leysa af Strákagöng, Mánarskriður og Almenninga.
- **Múlagöng breikkun**, talað um erfiðleikar á sumrin verður verra með aukinni umferð.
- **Seyðisfjarðargöng og Mjóafjarðargöng**: Ekki beint ný verkefni voru á eldri lista með Fjarðarheiði. Eru á samgönguáætlun.
- **Hvalnesskriður-Lónsheiði**: Vandamál með grjóthrun í Hvalnes- og Þvottáarskriðum. Hér kynnu aðrar lausnir að koma til greina en göng.

Verkefni til athugunar nú

18 göng á landsbyggðinni.


5 á Höfuðborgarsvæði

Ekki fjallað um jarðfræði eða kostnað í Yfirlitsáætluninni.



Verkefni til athugunar nú, göng og stokkar á höfuðborgarsvæði

1. Reykjanesbraut: Holtavegur- Stekkjabakki, „Sæbrautarstokkur“
2. Miklabrautarstokkur
3. Stokkur í Garðabæ
4. Reykjanesbr Álftanesvegur- Lækjargata, göng undir Setbergshamar
5. Sundagöng



Verkefni fyrst til nánari skoðunar

Rökstuðningur ýmiss eftir verkefnum:

Sum þegar nefnd í Jarðgangaáætlun samgönguáætlunar 2020-2034.

Sum verið á fyrri áætlun en ekki komist til framkvæmda

Njóta mikils stuðnings í einstaka sveitarfélögum.

Verkefni sem Vg hefur áhyggjur af núverandi ástandi í núverandi mannvirkjum.

Í sumum tilfellum er mikilvægt að skoða aðrar mögulega lausnir þar sem fleiri koma til greina.

Kanna fýsileika og vega á móti endurbóta á viðkomandi leið.

Markmið að þessi komist á forhönnunarstig svo til séu gögn sem geta orðið grunnur ákvarðana við gerð samgönguáætlunar hverju sinni.

Jarðgöng	Lengd mögulegra ganga	Aðrar mögulegar lausnir
Hvalfjarðargöng	7,5 km	
Ísafjörður – Súðavík	6,7 km	Vegskálar, styttri göng 2,3 km
Öxnadalshéið	11 km	
Siglufjarðarskarð	5,2 km	
Múli, breikkun	2 km jafngildi	8,8 km göng
Vopnafjörður – Hérað	6,5 km	
Fjarðarheiðargöng	13,3 km	
Seyðisfjarðargöng	5,4 km	
Mjóafjarðargöng	6,9 km	
Lónsheiði eða Hvalnesskriður	6 km	Hrunvarnir, vegskálar, styttri göng
Reynisfjall	1,4 km	
Samtals	72 km	

Lokaorð

„Eins og fram kom í inngangi er þessi skýrsla hugsuð sem yfirlitsáætlun um þá jarðgangakosti sem mest hafa verið til umræðu á síðustu árum.

Þar kom einnig fram að hún er ætluð sem grunnur að frekari greiningu á þessum kostum, sem fylgja þarf eftir með nánari skoðun á fýsileika, kostnaði og félagshagfræðilegum ábata.

Ekkert mælir gegn því að sú skoðun nái til allra jarðganga sem fjallað hefur verið um í skýrslunni, en ekki einungis til þeirra sem hér er lagt til að verði fyrst tekin til frekari skoðunar.

Mikilvægast er að á grundvelli þessarar greiningar verði unnt að forgangsraða jarðgangakostum til lengri tíma.“

Takk fyrir



Jarðgöng

Yfirlitsáætlun jarðganga

Vegagerðin

Júlí 2021